

Rangárþing ytra  
Haraldur Birgir Haraldsson  
Suðurlandsvegur 1-3  
850 Hella

Reykjavík, 12. desember 2024  
UST202411-113/A.B.  
10.04.03

## Efni: Tillaga – Deiliskipulag - Minni-Vellir – Rangárþing ytra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþing ytra er barst 14. nóvember til umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Minni-Velli.

Í greinargerð kemur fram að fyrirhugað er að reisa frístundahús á lóðum Óskasteins og Ásavalla þar sem heildarbyggingarmagn innan lóðar er allt að 140 m<sup>2</sup>. Hámarksvegg hæð er 5 m og mænishæð allt að 6 m. Mænisstefna á skipulagssvæðinu er frjáls en gæta skal samræmis á milli bygginga á svæðinu. Lóðir Lækjarvalla og Minni-Valla 5, 6 og 7 verða óbyggðar en lóðamörkum þeirra breytt og tryggt aðkoma að þeim.

### Hraun

Í greinargerð kemur fram að innan skipulagssvæðisins er hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufrýrbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í greinargerð segir að hraunið sé algróið. Umhverfisstofnun bendir á að eldhraun sem er að öllu leyti hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.

Umhverfisstofnun vill bendi á að sett séu skilyrði um verndun sjáanlegra hraunmyndana á skipulagssvæðinu.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
*sérfræðingur*  
Rakel Sæmundsdóttir  
*sérfræðingur*

